



Aðalfundur Almannaheilla

16. maí 2018, kl. 16-18 í húsnæði Krabbameinsfélagsins á 4. hæð

Fundargerð

Dagskrá samkvæmt lögum samtakanna:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Ávarp: Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir
3. Staðfesting á nýjum aðildarfélögum
4. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár og starfið framundan
5. Skýrsla um fjárhag samtakanna og fjárhagsáætlun
6. Umræður um skýrslur og afgreiðsla ársreiknings
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna
8. Ákvörðun um gjaldskyldu aðildarfélaga
9. Lagabreytingar
10. Önnur mál.

Ketill Magnússon formaður setti fundinn og gekk til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara – formaður bar upp tillögu – samþykkt.

Fundarstjóri: Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ

Fundarritari: Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Áss styrktarfélags og varaformaður Almannaheilla

2. Ávarp: Hæstvirtur forstætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir

Kom inná tengingar sínar við ýmis félög sem vinna að almannaheilla málum.

Félög sem brúa bil milli hópa og vinna að því að draga úr fordómum í samfélaginu á einn eða annan hátt. Samtök eins og almannaheill mikilvæg í samfélaginu. Þakkar starf samtakanna og óskar heilla á 10 ára afmælisári þess.

3. Staðfesting á nýjum aðildarfélögum

Þetta félag hefur gerst aðili að Almannaheillum frá síðasta aðalfundi:

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) – Borið upp við fundinn – aðild staðfest.

4. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár og starfið framundan

Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla flutti skýrslu stjórnar – hún verður birt á heimasíðu samtakanna að fundi loknum.

5. Reikingar lagðir fram

Jónas Guðmundsson, gjaldkeri Almannaheilla gerði grein fyrir reikningum félagsins. Rekstrar afgangur er hjá félagsins á árinu. Engir fyrirvarar voru gerðir við þá af hálfu kjörinna skoðunarmanna.

6. Umræður um skýrslur og afgreiðsla ársreiknings

Einar Haraldsson kvaddi sér hljóðs, þakkaði fyrir skýrsluna og taldi dapurt að frumvarpið væri ekki komið fram og til afgreiðslu hjá Alþingi. Vilhjálmur Bjarnasson kvaddi sér einnig hljóðs um frumvarpið og lýsti vonbrigðum sínum með vinnubrögð ráðherra að hafa ekki afgreitt það og klárað málið. Telur



rétt að halda ótrauð áfram og hamra á þessu máli þar til verði að lögum. Almannaheillafélög taki mikið ómak af ríkinu í mörgum málum og eru því mjög þörf í samfélaginu. Engir fleiri kvöddu sér hljóðs. Að umræðum loknum bar fundarstjóri reikninga undir fundinn og voru þeir samþykktir samhljóða.

7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Framboðshvatning (uppstillinganefnd) skipuðu: Jón Pálsson, formaður; Ólafur Proppé og Auður Inga Þorsteinsdóttir. Nefndin skilaði eftirfarandi tillögum:

Stjórn

Ketill B. Magnússon, formaður (Heimili og skóli) kjörinn sérstaklega til árs – Samþykkt
Jónas Guðmundsson (Neytendasamtökin) til tveggja ára - Samþykkt
Guðlaug B. Guðjónsdóttir (Krabbameinsfélag Íslands) til tveggja ára -Samþykkt
Ragnheiður Sigurðardóttir (UMFÍ) tveggja ára – Samþykkt
Steinunn Hrafnisdóttir (Fræðasetur þriðja geirans HÍ) kjörinn til tveggja ára 2017
Þóra Þórarinsdóttir (Proskahjálp) kjörinn til tveggja ára 2017
Þröstur Emilsson (ADHD samtökin) kjörinn til tveggja ára 2017

Varastjórn (kjörin til eins árs) – Tilaga uppstillingarnefndar samþykkt.

Árni Einarsson (FRÆ)
Ásdís Eva Hannesdóttir (Norræna félagið)
Erna Arngrímsdóttir (ÖBÍ)
Erna Reynisdóttir (Barnaheill)
Guðrún Helga Bjarnadóttir (Blátt áfram)
Hildur Helga Gísladóttir (Kvenréttindafélag Íslands)
Vilhjálmur Bjarnason (Samtök sparifjáreigenda)

Skoðunarmenn reikninga – Tillaga samþykkt.

Einar Haraldsson (UMFÍ)
Jónas Þórir Þórisson (Hjálparstarf kirkjunnar)

Uppstillinganefnd til næstu tveggja ára – Tillaga samþykkt.

Jón Pálsson, fyrrum stjórnarmaður í Almannaheillum, formaður
Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ
Ólafur Proppé, fyrrum formaður Almannaheilla

8. Ákvörðun um gjaldskyldu aðildarfélaga

Jónas Guðmundsson, gjaldkeri gerir grein fyrir tillögu stjórnar
Tillaga um óbreytt árgjald - Samþykkt. Jónas fór yfir reglur um árgjald.

9. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar hafa komið fram.

10. Önnur mál

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá.

Ketill B. Magnússon, þakkar kjörið og það traust sem honum er sýnt með því.



almannaheill
samtök þriðja geirans

Einar Haraldsson ræddi um skattaávilnanir og fleira. Skoða þarf skattahliðina er snýr að almannaheillafélögum sérstaklega. Ekki hefur enn tekist að koma áfram hagsmunamálum félaganna í þeim efnum en mjög nauðsynlegt að skattaumhverfinu sé breytt til hagsbóta fyrir þau. T.d. væri hægt að endurgreiða tryggingargjald félaga um áramót. Gerði athugasemd við heimasíðu Almannaheilla. Hana þarf að laga. Gera aðgengilega og með réttum og nýjum upplýsingum. Gott að hafa samtökin sem gefur félögunum tækifæri til að berjast í krafti stærðarinnar. Óskaði formanni og nýrri stjórn heilla.

Jónas Guðmundsson: Kynnti rekstraráætlun samtakanna sem stjórn hefur þegar samþykkt.

Aðildarfélög verða samkvæmt henni styrkt til þátttöku í fundi fólksins sem verður á Akureyri daganna 7. – 8. september í haust.

Renata Emilsson Peskova, þakkaði fyrir námskeið sem Almannaheill stóð fyrir og taldi það mjög mikilvægt að fræðsla sé í boði fyrir aðildarfélögin. Þakkaði einnig fyrir málstofu sem haldið var í HÍ á sl. hausti.

Ketill þakkaði ábendingar og lofaði að koma þeim í athugun og til framkvæmdar eftir atvikum.

Þakkar UMFÍ sérstaklega yfir að hýsa stjórnarfundum samtakanna og Krabbameinsfélaginu þakkað fyrir að hýsa aðalfundinn. Formaður sleit fundi kl. 17.11.

Nafnalisti gekk á fundinum og á hann rituðu nafn sitt 26 einstaklingar frá 19 félögum. (skanna og senda með fundargerð.

Fræðsluerindi um persónuvernd.

Hvað þýða nýju persónuverndarlögin fyrir almannaheillafélög?

Tinna Björk Gunnarsdóttir, héraðsdómslögmaður hjá Fortis

Slæður verða settar inná heimasíðu samtakanna eftir skoðun.

Of mikið stress í gangi vegna þessara laga. Ekki búið að lögfesta hér en frumvarp liggur fyrir. Tilheyrir ESB (og við tilheyrum þeim ekki) en ekki EES. Að eiga og eyða upplýsingum er vinnsla. Sýna þarf framá að búið sé að hugsa fyrir þessu. Stefna og vinnsluskrár eru mikilvægar í þessu samhengi. Engin ein leið rétt til að setja fram stefnuna en mikilvægt aðskrásetja ferlið. Samþykki ekki endilega nauðsynlegt í öllum tilfellum ef hægt er að byggja á öðrum þáttum sem styðja vinnslu upplýsinga. En nauðsynlegt að tryggja sér sönnunar fyrir samþykki.

Erindinu lauk á sjöunda tímanum.